

Hamarshöfn, Hafnarfjarðarbær

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 18. desember 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hafnarfjarðarhöfn um áform um gerð nýrrar smábátahafnar, Hafnarfjarðarbæ, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 12.02 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, Minjastofnunar Íslands, Umhverfis og orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hamarshöfn, Hafnarfjarðarbæ. Matsskyldufyrirspurn. Hafnarfjarðarhöfn – VSÓ ráðgjöf. Desember 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hafnarfjarðarbæ dags. 27. janúar 2025,
- Hafrannsóknastofnun dags. 20. janúar 2025,
- Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness dags. 16. janúar 2025,
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 16. janúar 2025,
- Vegagerðinni dags. 16. janúar 2025.

Ekki barst svar frá Minjastofnun Íslands.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 3. febrúar 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í gerð nýrrar smábátahafnar innan núverandi hafnar. Í Hamarshöfn er gert ráð fyrir viðlegurými fyrir u.þ.b. 60-70 báta. Innst í höfninni verður bátalægi fyrir skemmtibáta af ýmsum stærðum. Á ytri flotbryggju, sem myndar skjól fyrir innra hafnarsvæði Hamarshafnar, er gert ráð fyrir viðlegu þjónustu- og hvalaskoðunarbáta.

Framkvæmdin felur í sér dýpkun sjávarbotns, gerð grjótgards og uppsetningu flotbryggja og er áætlað fyllingarmagn í grjótgardinn 12.000 m³ og 2.000 m³ í fyllingar til að móta landlínu meðfram ströndinni. Botn svæðisins verður dýpkaður um tvo til þrjá metra, eða um 25.000 m³. Dýpkunin mun fara fram með gröfu og verður efnið flutt í burtu með pramma. Efnið sem verður fjarlæggt er set. Það verður flutt í burtu og losað við Helgasker, vestan Hvaleyrarhöfða, sem er þekktur losunarstaður sem notast hefur verið við áður. Þar er um 10 m dýpi og ekki er gert ráð fyrir sérstökum frágangi á losunarstað.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Hafnarfjarðarhafnar og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á ásjúnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið einkennist af þéttbýlu og manngerðu umhverfi og bætist fyrirhuguð Hamarshöfn við á svæði sem nú þegar sé hafnarsvæði, þar á meðal smábátahöfn. Framkvæmdin muni hafa staðbundin áhrif á ásjúnd og landslag og komi lítið til með að breyta helstu einkennum svæðisins. Stækkun hafnarinnar eykur umfang hafnarinnar nokkuð til norðausturs, og mun ásjúndin breytast að því leyti.

Áhrif á vatnshlot og lífríki sjávar

Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað nokkuð ítarlega um áhrif á vatnshlot og áhrif framkvæmdarinnar á vatn. Þar er farið yfir umhverfismarkmið vatnshlotanna sem framkvæmdin tekur til, þ.e. strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalarnes (nr. 104-1391-C) og grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur (nr. 104-265-G). Fjallað er um þá gæðapætti í strandsjó sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig starfsemin/framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti og einnig er fjallað um hvernig eigi að meta efnafræðilegt ástand og magnstöðu grunnvatns. Framkvæmdaraðili telur að á heildina lítið hafi fyrirhugaðar framkvæmdir ekki áhrif á ástand strandsjávarhlotsins Straumsvík-Kjalarnes og líkur á mengunarslysi sem geti haft áhrif á grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraum eru taldar litlar.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er bent á að það vantar umfjöllun um áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti. Landfylling er einn af þeim þáttum sem getur haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti í strandsjávarvatnshlotum. Vekur stofnunin athygli á því að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki varanlega né tímabundið. Til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-20272 þarf að liggja fyrir ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot sem eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar. Stofnunin bendir einnig á að sumt efni í höfnum sem tekið er upp eða hreyft til getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum sem getur haft neikvæð áhrif á m.a. lífríki. Mikilvægt er að huga að aðferðafræðinni sem notuð er við dýpkunarframkvæmdirnar, til að mynda þarf að taka setsýni úr botninum til að meta mengandi efni áður en framkvæmdir hefjast og ákveða hvernig menguðu seti sem grafið er upp er ráðstafað.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd er mjög innarlega í firðinum, nokkru innan við Hafnarfjarðarhöfn. Lega og lengd fyrirhugaðs grjóttgarðs, sem staðsettur verður norðan við smábátahöfnina, og stærðagráða annarra mannvirkja (flotbryggja) er ekki talinn líkleg til að hafa áhrif á ríkjandi strauma, sjávarfallastrauma og hegðun öldu á svæðinu. Þar af leiðandi er fyrirhuguð framkvæmd ekki talin líkleg til að hafa áhrif á setflutninga eða kornastærð sets á aðliggjandi svæðum. Breytingar verða á núverandi dýpi vegna dýpkunar á innan við 2 ha svæði. Eftir dýpkun verður dýpið 2-3 m meira en nú er. Ljóst má vera að dýpkunarsvæðið og umfang dýpkunar er mjög staðbundið og lítill í samhengi við strandsjávarhlot sem nær yfir 134,5 km² stórt svæði. Af framangreindu leiðir að í heildina lítið er talið að hinar staðbundnu framkvæmdir svo innarlega í firðinum muni ekki hafa áhrif á ástand strandsjávarhlotsins Straumsvík-Kjalarnes. Sótt verður um



leyfi fyrir varpi dýpkunarefnis í hafið til Umhverfisstofnunar. Unnið verður í samræmi við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Í samræmi við þær verður gerð könnun á stöðu efnafræðilegra- og líffræðilegra gæðabátta strandsjávarhlotsins. Sýnataka verður framkvæmd í samráði við Umhverfisstofnun og verður fjöldi sýna skv. leiðbeiningum stofnunarinnar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins er bent á að þekkt sé að nærumhverfi gamalla slippa og einnig málningarslippa sé mengað af þungmálmum og ýmsum efnasamböndum. Óskar eftirlitið eftir því að niðurstöður úr þeim sýnatökum verði kynntar Heilbrigðisnefnd.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Hafnarfjarðarhöfn mun kynna Heilbrigðisnefnd niðurstöður úr sýnatökum á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, sem gerðar verða til að kanna efnafræðilegra- og líffræðilegra gæðabátta strandsjávarhlotsins.

Áhrif á heilsu

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Hamarshöfn sé fyrirhuguð í námunda við miðbæ Hafnarfjarðar. Helstu áhrifaþættir framkvæmda á hljóðvist er vinna við gerð smábátahafnarinnar á framkvæmdatíma, þá fyrst og fremst frá vinnuvélum á hafnarsvæðinu og flutnings efnis að framkvæmdasvæðinu. Um er að ræða tímabundin áhrif. Framkvæmdir fela ekki í sér fleygun eða sprengingar. Helstu áhrif á loftgæði verða losun mengunarefna með útblæstri flutningabíla, í tengslum við efnisflutninga. Áhrif á loftgæði á framkvæmdatíma eru tímabundin og bundin við nágreinni framkvæmdasvæðis.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins er vakin athygli á að akstur vegna efnisflutninga og byggingastarfsemi séu megin uppsprettur rykmengunar í þéttbýli og því nauðsynlegt fyrir Hafnarfjarðarbæ að huga vel að hugsanlegum mótvægisáðgerðum, með gatnaþrifum og rykbindingum.

Hafnarfjarðarhöfn mun í samráði við Hafnarfjarðarbæ skoða mótvægisáðgerðir vegna rykmengunar vegna efnisflutninga.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Hafnarfjarðarbæ skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Starfsleyfi þarf frá Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness vegna vinnslu jarðefna og endurnýtingu úrgangs, t.a.m. í fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Umhverfis- og orkustofnun veitir leyfi fyrir varpi í hafið skv. lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Framkvæmdin er háð ákvæðum laga um stjórn vatnamála.

6 Niðurstaða

Um er að ræða um áform um gerð nýrrar smábátahafnar í Hafnarfjarðarbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 12.02 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.



Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, nýtingar náttúruauðlinda, úrgangsmyndunar, mengun, ónæði og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða umfangslitla framkvæmd á svæði sem einkennist af þéttbýlu og manngerðu umhverfi og bætist fyrirhuguð Hamarshöfn við á svæði sem nú þegar er hafnarsvæði, þar á meðal smábátahöfn. Viðbúið er að helstu áhrifaþættir framkvæmdarinnar felist í breytingu á ásýnd og raski í fjöru og sjávarbotni, auk ónæðis á framkvæmdatíma, en framkvæmdarsvæði er innan hafnar þar sem grunnsævi og strönd er nú þegar mikið breytt frá því sem áður var. Staðbundið mun framkvæmdin hafa áhrif á ásýnd, en breytir ekki helstu einkennum svæðisins. Varðandi möguleg áhrif á vatnshlot og lífríki sjávar telur Skipulagsstofnun brýnt að verktilhögun verði með þeim hætti að áður en til dýpkun hafnarinnar komi, verði búið að sýna fram á að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni á hafsbotni með sýnatökum, sbr. leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Skipulagsstofnun telur í ljósi umfangs og eðli framkvæmdarinnar og þess að starfsemin felur ekki í sér losun efna í jarðveg eða grunnvatn, að framkvæmdin sé ólíkleg til að leiða til þess að ástand strandsjávar- og grunnvatnshlotanna versni, en tryggja verði að mengandi efni berist ekki að eða frá svæðinu. Stofnunin minnir á að fyrirnefnd vatnshlot þurfa eftir sem áður að ná umhverfismarkmiðum sínum á grundvelli ákvæða vatnalaga og í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, skv. lögum um stjórn vatnamála. Neikvæð áhrif vegna ónæðis á framkvæmdatíma verða helst á þá sem búa næst framkvæmdasvæðinu en mögulegt er að lágmarka þau með mótvægisáðgerðum, s.s. takmörkunum á vinnutíma.

Með hliðsjón af umfangi, eðli og staðsetningu telur Skipulagsstofnun að áhrif af fyrirhugaðri hafnargerð verði ólíkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, en ljóst að staðbundið mun ásýnd svæðisins taka nokkrum breytingum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. mars 2025.

Reykjavík, 21. febrúar 2025

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson

